

Sp.

157. Tillaga til þingsályktunar

[78. mál]

um niðurgreiðslu á innfluttum áburði.

Flm.: Jón Sigurðsson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða niður verð á innfluttum áburði árið 1959, þannig, að verðið til bænda verði sem líkast því, sem það var árið 1958.

Greinargerð.

Þegar innfluttur fóðurbætur var stórhækkaður í verði s. l. vor með lögum um útflutningssjóð o. fl., var það haft mjög á orði af talsmönnum þessarar ráðstöfunar, að henni væri ætlað að koma því til leiðar, að bændur drægju stórlega úr fóðurbætiskaupum frá útlöndum. Í þess stað áttu bændur að afla meiri og betri heyja og spara sér þannig kaup á erlendu kjarnfóðri.

Þá hagaði svo til, að búið var að kaupa til landsins það magn af fosforsýru- og kaliáburði, sem áætlað var að bændur mundu nota á því ári. Að svona heppilega vildi til, kom sér mjög vel fyrir bændur og varð til þess, að hækkunin á rekstrarútgjöldum bænda s. l. ár varð allmiklu minni en ella hefði orðið. Nú verður þessi hækkun ekki lengur umflúin. Fosforsýru- og kaliáburðurinn, sem bændur þurfa á þessu ári, mun hækka um a. m. k. 40%, ef ekkert er að gert, miðað við söluverð þessara áburðartegunda s. l. ár, en auk þess verður að flytja inn nokkurt magn af köfnunarefnisáburði. Þessi hækkun veldur bændum nýjum erfiðleikum, sem óséð er, hvernig leysast. Áburðartilraunir víðsvegar um land hafa sýnt og sannað, að víða er tilfinnanlegur skortur á fosforsýru og kalí, sem stendur gróðri fyrir fullum þrifum. Verði bændur að draga úr þessum áburðarkaupum, gæti það því haft alvarlegar afleiðingar.

En hér kemur fleira til greina. 40% hækkun á innfluttum áburði hækkar allverulega rekstrarútgjöld bænda og verkar með fullum þunga næsta haust, þegar verð á landbúnaðarvörum verður ákveðið. Áætlað er, að þessi hækkun muni valda talsverðri hækkun á vísitölunni. Þessi hækkun á landbúnaðarvörum verður bezt umflúin með því að stemma á að ósi og greiða niður verðið á innfluttum áburði, þannig að verðið til bænda á næstkomandi vori verði sem líkast því, er það var s. l. ár. Slík ráðstöfun mundi áorka þrennu: Í fyrsta lagi létta bændum áburðarkaupin í vor. Í öðru lagi stuðla að betri ræktun og öflun meiri og betri heyja, sem mundi draga úr þörfinni fyrir aukin kjarnfóðurkaup. Í þriðja lagi koma í veg fyrir hækkun á vísitölunni.

Loks má benda á það, að yfirfærslugjald af áburði, 55%, sem lagt var á s. l. vor, en kom ekki til tekna á því ári, en verður nú innheimt af innfluttum áburði, mun nægja til þeirrar niðurgreiðslu, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir.